



Fréttatilkynning

19 May 2025 08:50:00 GMT

Arion banki hf.: Útboð á víkjandi skuldabréfum í íslenskum krónum

Arion banki heldur útboð á nýjum flokki víkjandi skuldabréfa sem telja til eiginfjárpáttar 2 (e. Tier 2), þriðjudaginn 27. maí 2025.

Skuldabréfin verða verðtryggð vaxtagreiðslubréf með vaxtagreiðslum tvisvar á ári. Lokagjalddagi er í desember 2036, með innköllunarheimild af hálfu útgefanda í desember 2031 og á öllum vaxtagjalddögum þar á eftir (11,5NC6,5).

Fyrirkomulag útboðs verður með þeim hætti að öll samþykkt tilboð verða tekin á hæstu samþykktu ávöxtunarkröfunni. Arion banki áskilur sér rétt til þess að samþykkja öll tilboð, hafna öllum tilboðum eða taka tilboðum að hluta. Áætlaður uppgjörsdagur og skráning á Nasdaq Iceland er 2. júní nk.

Útgáfan verður gefin út undir 3,0 milljarða evra Euro Medium Term Notes (EMTN) útgáfuramma bankans. Grunnlýsingu EMTN rammans má nálgast [hér](#). Útboðið er ekki ætlað almennum fjárfestum.

Markaðsviðskipti Arion banka hafa umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað á netfangið skuldabrefamidlun@arionbanki.is fyrir kl. 16:00 þann 27. maí 2025

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion banki hf.: Útboð á víkjandi skuldabréfum í íslenskum krónum](#)